

Niðurstöður aðalfundar Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., 8. maí 2025

Aðalfundur Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., var haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11, Reykjavík, hinn 8. maí 2025, kl. 16:00.

Niðurstöður fundarins voru eftirfarandi:

1. Ársreikningur (dagskrárliður 2).

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár var lagður fram og samþykktur.

2. Kjör stjórnar (dagskrárliður 3).

Á fundinum var stjórn félagsins sjálfkjörin og er óbreytt frá fyrra starfsári.

Stjórnin er því áfram skipuð eftirfarandi:

- Bogi Þór Siguroddsson
- Gerður Huld Arinbjarnardóttir
- Magnús Árnason
- Rannveig Eir Einarsdóttir
- Sigríður Elín Sigfúsdóttir

3. Kjör endurskoðanda (dagskrárliður 4).

PricewaterhouseCoopers ehf. var endurkjörið sem endurskoðandi félagsins.

4. Meðferð hagnaðar félagsins á liðnu starfsári (dagskrárliður 5).

Samþykkt var eftirfarandi tillaga stjórnar um meðferð hagnaðar félagsins á síðasta starfsári:

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna síðasta rekstrarárs heldur verði hagnaði félagsins á starfsárinu ráðstafað til hækkunar á eigin fé.

5. Greiðslur til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra á starfsárinu (dagskrárliður 6).

Samþykkt var eftirfarandi tillaga stjórnar um greiðslur til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra á starfsárinu:

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að mánaðarleg stjórnarlaun fyrir hvern almennan stjórnarmann verði kr. 430.000. Mánaðarleg stjórnarlaun formanns verði kr. 860.000 og varaformanns kr. 570.000.

Þá leggur stjórn til að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái greiddar kr. 104.000 á mánuði, en formaður nefndarinnar kr. 208.000 á mánuði.

Jafnframt leggur stjórn til að þeir stjórnarmenn sem sæti eiga í starfskjaranefnd fái greiddar kr. 62.000 á mánuði til viðbótar við stjórnarlaun, formaður starfskjaranefndar fái kr. 93.000 á mánuði, en að aðrir nefndarmenn starfskjaranefndar (ef við á) fái greitt samkvæmt tímagjaldi.

6. Starfskjarastefna félagsins (dagskrárliður 7).

Starfskjarastefna félagsins var samþykkt með breytingum.

Annars vegar var grein 7.2 í starfskjarastefnunni breytt þannig að við ákvörðun kaupauka til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda skuli miðað við að fjárhæð árlegra kaupaukagreiðslna geti að hámarki numið fjögurra mánaða grunnlaunum, eða 33,33% af grunnlaunum viðkomandi.

Hins vegar var nýrri 9. gr. bætt við starfskjarastefnuna, þar sem stjórn félagsins er heimilað að samþykkja kaupréttaráætlun í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og á grundvelli hennar bjóða starfsmönnum félagsins og eftir atvikum dótturfélaga þess kauprétt að hlutum í félaginu. Á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar skal hverjum starfsmanni sem uppfyllir skilyrði þau sem vísað er til í ákvæðinu vera heimilt að kaupa hluti í félaginu fyrir að hámarki kr. 750.000 á ári hverju í þrjú ár, á verði sem ákvarðað skal í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 90/2003.

Hina breyttu starfskjarastefnu má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

7. Kjör eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins (dagskrárliður 8).

Helgi F. Arnarson var kjörinn í endurskoðunarnefnd félagsins.

8. Breytingar á samþykktum (dagskrárliður 9).

Samþykkt var eftirfarandi tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins:

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til að samþykktum félagsins verði breytt þannig að eftirfarandi ákvæði verði bætt við sem 3. mgr. 4. gr.:

„Stjórn félagsins skal heimilt að hækka hlutafé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að kr. 80.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta að nafnverði ein króna hver. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem skulu nýttir til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum við starfsmenn sem gerðir hafa verið á grundvelli kaupréttaráætlunar í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Stjórn félagsins ákveður áskriftargengi hlutanna og nánari skilmála áskriftar hverju sinni, í samræmi við ákvæði kaupréttaráætlunarinnar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar hverju sinni. Heimild þessi gildir til 8. maí 2030.“

Fundargerð aðalfundarins verður gerð aðgengileg á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>.